



Félagstofnun
Stúdentanna

Félagstofnun Stúdentanna

Starfsáætlun Leikgarðs

2012 – 2013



Frumkvæði, virkni, víðsýni, velferð

Efnisyfirlit

Formáli.....	3
Inngangur.....	3
Starfsáætlun leikskóla.....	3
Mat á leikskólastarfi.....	3
1. Mat á leikskólastarfi.....	4
1.1 Innra og ytra mat leikskólans.....	4
1.2 Símenntun frá síðasta ári.....	5
2. Faglegar áherslur í starfi leikskólans.....	6
2.1 Verkefnaáætlun.....	6
2.2 Hugmyndafræði leikskólans Highscope.....	8
3. Starfsmannamál.....	9
3.1 Starfsþróunarsamtöl.....	10
3.2 Símenntunaráætlun.....	10
4. Foreldrasamvinna.....	11
4.1 Foreldraráð - Foreldrafélag.....	11
4.2 Foreldraviðtöl og foreldrafundir.....	11
5. Aðrar upplýsingar – Barnahópurinn.....	11
5.1 Fjöldi barna í skólanum.....	12
5.2 Kynjahlutfall og dvalarstundir.....	12
5.3 Fjöldi barna sem njóta sérkennslu.....	12
5.4 Fjöldi barna af erlendum uppruna.....	12
6. Almennar upplýsingar.....	12
6.1 Skipulagsdagar.....	13
6.2 Leikskóladagatal 2012 – 2013.....	13
6.3 Stefnumkort leikskólans Leikgarðs.....	14

Formáli

Starfsáætlun þessi er ætluð foreldrum, rekstraraðilum og fræðsluyfirvöldum til kynningar á skólastarfi fyrir komandi skólaár. Starfsáætlunin er vinnuþlagg fyrir starfsmenn leikskólans og upplýsingaþlagg fyrir nýja starfsmenn. Hún er einnig hluti af innra mati leikskólans. Einnig inniheldur starfsáætlunin stefnukort sem sýnir á myndrænan hátt stefnu leikskólans í þjónustu, starfsháttum, stjórnun fjármála og mannaúði.

Í starfsáætlun þessari leggjum við t.a.m. sérstaka áherslu á nýja skólanámskrá, iðjuskráningu, áætlun um innra mat og móttökuáætlun vegna aðlögun nýrra barna, ásamt öðrum verkefnum.

Inngangur

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir Aðalnámskrá fyrir leikskóla. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram. Skólanámskráin á að vera aðgengileg á heimasíðu leikskólans.

Starfsáætlun leikskóla

Leikskólasvið Reykjavíkurborgar hefur þá stefnu að ár hvert skulu leikskólar borgarinnar og sjálfstætt starfandi leikskólar sem njóta styrkja frá Reykjavíkurborg skila starfsáætlun fyrir komandi leikskólaár, eins og kveðið er á um í lögum um leikskóla nr. 90/2008. Þar er jafnframt kveðið á um að starfsáætlun skuli lögð fyrir foreldraráð leikskólans til umsagnar.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta. Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til Leikskólasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir Leikskólaráð til samþykktar.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum áætlun um hvernig þau verða metin.
- Áherslur í starfsáætlun Leikskólasviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Fjöldi barna, kynjahlutfall, dvalarstundir, fjöldi barna sem njóta sérkennslu og fjöldi barna af erlendum uppruna.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Skóladagatal fyrir árið.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.

- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati Leikskólasviðs og/eða Menntamálaráðuneytis.

1. Mat á leikskólastarfi

Við mat á umhverfi og starfi leikgarðs skólaársins 2011 – 2012 var stuðst við PQA Infant-Toddler Program Quality Assessment matslistan en hann tekur bæði á innra starfi leikskólans og umhverfi hans, samskiptum við foreldra og börn.

1.1 Innra og ytra mat leikskólans

Innra mat

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara. Með innra mati samkvæmt 18. gr. um lög um leikskóla nr. 90/2008 er átt við að hver leikskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfsins á grundvelli 17. gr. Með virkri þátttöku starfsmanna, barna og foreldra eftir því sem við á.

Farið var í nokkur atriði sem þurfti að bæta í tengslum við hugmyndafræði leikskólans Highscope.

Hér má sjá lista yfir það helsta sem metið var í leikskólastarfinu og lagfært.

Umhverfi

- Rýmingaráætlun við eldsvoða gerð og hún hengd upp á hverri deild og hvaða hlutverk hver deild sinnir.
- Bókahorn sett fyrir börnin í þeirra hæð þar sem bækur eru aðgengilegar.
- Allur efniviður í hæð barnanna.
- Hillur merktar til að auðvelda frágang.
- Mottur settar undir stóla sem snúast.

Starfið

- Skipulag í sal breytt þannig að salurinn er nýttur á markvissari hátt.
- Trékubbar komnir á kubbasvæðið.
- Unnið var að því að stytta tíma sem börn sitja í matarstólum t.d. með því að hafa söngstund á undan hádegisverð.

- Starfsfólkið var hvatt í að nota hvatningu frekar en hrós og setja orð á tilfinningar.
- Börnin voru hvött til að gera meira sjálf, borða sjálf, klæða sig í og úr og hjálpa til við að þurrka sér sjálf eftir matinn.
- Börnin voru hvött til að koma sjálf og fá nýja bleiu þegar við bjóðum þeim.
- Unnið að því að gera hópastarf markvissara, með því að skipuleggja það betur fyrirfram.
- Dagskipulagið sveigjanlegra með því að það sé alltaf til viðmiðunar. Tekið er tillit til þarfa barnanna. Börnin sofa þegar þau eru þreytt og borða þegar þau eru svöng.

Hver þáttur var metin tvisvar sinnum yfir veturinn tímabilið, í janúar 2012 og í maí 2012. Stuðst var við PQA Infant-Toddler Program Quality Assessment matslistann eins og fram kemur hér að ofan. Þeir sem tóku þátt í matinu voru einungis starfsfólk Leikgarðs.

Ytra mat

Með ytra mati samkvæmt 19. gr. um lög um leikskóla nr. 90/2008 er átt við að sveitarfélög sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs og láta ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólahalds, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólastefnu sinnar og áætlanir um umbætur. Sveitarfélög skulu fylgja eftir innra og ytra mati þannig að slíkt mat leiði til umbóta í skólastarf. Við leikskólann Leikgarð var ekkert ytra mat framkvæmt á síðasta skólaári.

1.2 Símenntun frá síðasta ári

Varðandi símenntun á síðasta skólaári, þá sóttu allir starfsmenn leikskólans námskeið í vinnusálfræði og samskipti á vinnustað daganna 11. nóvember, 7. desember 2011 og 3. febrúar 2012. Þar sem einstaklingurinn, líðan hans í starfi og samskipti í hóp voru viðfangsefnið. Kenndar voru aðferðir til að greina samskipti og finna lausnir á ágreiningi. Höfundar námskeiðsins og leiðbeinendur voru Álfheiður Steinþórsdóttir og Guðfinna Eydal, sérfræðingar í klíniskri sálfræði.

Leikskólastjóri, aðstoðaleikskólastjóri og einn deildarstjóri sóttu námskeið sem haldið var í Gullhömrum 7 nóvember 2011. Tilgangur og markmið námskeiðsins var að félag leikskólakennara, félag stjórnenda leikskóla, Samband Íslenskra sveitarfélaga og mennta og menningarmálaráðuneytið buðu til málþings um nýja aðalnámskrá leikskóla.

Einnig sóttu allir starfsmenn rástefnu á vegum SSSK í Hörpunni þann 9 mars 2012.

2. Faglegar áherslur í starfi leikskólans

Leikgarður starfar eftir lögum um leikskóla frá 2008, aðalnámskrá leikskóla frá 2011 og skólanámskrá leikskólans. Þessu til viðbótar starfar leikskólinn eftir HighScope stefnunni.

Starfið á Leikgarði byggist m.a. á að kenna börnunum að vera í leikskóla. Dvöl þeirra á leikskólanum nær yfirleitt í eitt til eitt og hálf ár. Þau byrja um níu mánaða til eins árs. Til að byrja með eru þau að venjast því að vera í hóp, að aðlagast öðruvísi fæði og kynnast nýju umhverfi og nýju fólki. Fyrir barn á fyrsta ári skiptir öryggi og hlýja mestu máli. Líkamleg og andleg umönnun eru ekki tveir aðskildir þættir, heldur samvirk og samofin heild. Forsenda þess að barn geti unað sér, dafnað, leikið og lært er að njóta ábyrgra umönnunar, bæði líkamlegrar og andlegrar. Segja má að líkamleg umönnun og heilsuvernd sé hornsteinninn í uppeldi ungra barna. Því yngra sem barnið er því meiri rækt þarf að leggja við þessa uppeldisþætti. Frumþörfum barnsins þarf að sinna af nærfærni og þekkingu og taka tillit til vakandi tilfinninga- og vitsmunalífs þess. Í frumbersku er barnið algjörlega háð ástúð og umönnun fullorðna fólksins. Okkar hlutverk er að sinna hverju og einu barni en að sjálfsögðu hörfum við á þarfir hópsins í leiðinni.

2.1 Verkefnaáætlun

Það helsta í faglegum áherslum leikskólans fyrir næsta skólaár er t.a.m að eiga opin og jákvæð samskipti við foreldra barnanna og að gagnkvæmt upplýsingastreymi sé gott. Einnig að viðhalda starfsandan og leggja áherslu á nýja skólanámskrá. Það er viðfangsefni sem við munum vinna í samráði við leikskólann Sólgarð enda erum við að vinna eftir sömu uppeldisstefnu, sama aldur og sama rekstraraðila. Einnig áætlun um innra mat, móttökuáætlun vegna aðlögun nýrra barna ásamt iðjuskráningu. Iðjuskráning er grundvallaratriði í HighScope starfinu. Það kallar á að kennarinn sé sífellt að skoða barnahópinn, einstaka barn og sjálfan sig í starfi. Lögð verður áhersla á að kennarar hittist reglulega og fari yfir skráningar sínar, getu barnanna og hæfni. Þetta er gert til að hver dagur verði gefandi og jafnframt krefjandi fyrir börnin. Starfsmenn safna myndum og upplýsingar í möppu sem börnin fara með sér þegar þau hætta í leikskólanum.

Ávinningurinn af skráningunni er;

- Samvinna fullorðinna (deildarfundir).
- Nota skráningu til að fylgjast með þroska barnanna.
- Gera starfið sýnilegt foreldrum.
- Safna í möppu sem börnin fara með heim þegar þau hætta.
- Starfsmenn skoða sjálfa sig í starfi.

Hér að neðan má sjá verkefnaáætlun um það helsta sem Leikgarður ætlar að leggja áherslu á, á skólaárinu. Stjórnunarteymi skólans eru ábyrgt fyrir áætluninni en það eru leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjórar.

Efni	Efni	Ág	Sep	Okt	Nóv	Des	Jan	Feb	Mar	Apr	Maí	Jún	Júl
Þjónusta	Foreldrasamtöl							*	*				
Þjónusta	Foreldrafundur/kynning			*									
Þjónusta	Foreldrakaffi/aðventukaffi					*							
Þjónusta	Viðhalda heimasíðu leikskólans	*	*	*	*	*	*	*	*	*	*	*	*
Þjónusta	Gera starfsáætlun	*	*	*									
Þjónusta	Gera símenntunaráætlun						*	*	*				
Þjónusta	Handbók foreldra endurskoðuð og bætt	*	*										
Þjónusta	Vinnsla að nýrri skólanámskrá hefst						*	*	*				
Þjónusta	Unnið að móttökuáætlun v/ nýrra aðlögunarferli sem innleidd var í ágúst 2012				*	*	*						
Þjónusta	Iðjuskráning samkvæmt High/Scope stefnu					*	*	*	*	*	*	*	*
Mannauður	Viðhalda starfandan	*	*	*	*	*	*	*	*	*	*	*	*
Mannauður	Starfsmannasamtöl				*					*			
Mannauður	Skyndihjálparnámskeið		*										
Mannauður	Skipulagsdagar	*		**			*		**				
Mannauður	Fyrirlestur um aðalnámskrá 2011		*										
Mannauður	Vinnsla að áætlun um innra mat							*	*	*			
Mannauður	Viðhalda upplýsingaflæði	*	*	*	*	*	*	*	*	*	*	*	*

2.2 Hugmyndafræði leikskólans Highscope

Highscope stefnan leggur ríka áherslu á virkt nám. Kraftur virka námsins sprettur af frumkvæði barnsins. Virkni felst í að kanna, spyrja, handfjatla, gera mistök, leysa þrautir og finna viðeigandi markmið í samræmi við aldur og þroska.

Persónulegt frumkvæði og jákvæð samskipti fullorðins og barns er það sem liggur að baki námi barna. Virkt námsumhverfi býður upp á að börnin hafi val og geti tekið sjálfstæðar ákvarðanir. Með því að börnin séu virkir þátttakendur í eigin námi og fái stuðning frá öðrum, þróa þau með sér frumkvæði og félagslegan vilja sem hefur jákvæð áhrif á þau í frekara námi og ákvarðanatöku í lífinu.

Highscope er markviss stefna sem leiðir okkur á rétta braut og sameinar öll okkar markmið í eitt; að leikurinn umlyki barnið í námi þess á fyrsta skólastiginu.

Þegar við skipuleggjum starfið horfum við til þeirra meginstefnu í lögum um leikskóla, að uppeldisstarf skuli mynda órofa heild og kappkosta í samvinnu við heimilin að efla alhliða þroska barna í samræmi við eðli, þarfir og þroska hvers og eins. Með aðalnámskrá að leiðarljósi leggjum við sérstaka áherslu á fjóra útgangspunkta en þeir eru;

- Fyrstu bernskuárin eru sérstætt þroskaleið sem taka ber tillit til og virða.
- Skynjanir barns, athafnir og samskipti við aðra eru mikilvæg undirstaða undir allt nám þess.
- Lítið barn þroskast best og eðlilegast í leik.
- Barn þarf að njóta frjálrsræðis til að kanna umhverfi sitt og læra af því.

Highscope uppeldisstefnan gengur út frá virkni barnsins, að barnið læri best í gegnum eigin áhugahvöt, að unnið sé með opinn efnivið og lögð áhersla á sköpun. Starfsmenn bera ábyrgð á að umhverfið bjóði upp á fjölbreyttan þroskamöguleika og að börnin geti valið sér viðfangsefni eftir aldri og þroska.

Mikil áhersla er lögð á skráningu til að starfsmenn hafi betri yfirsýn yfir hvar barnið er stadd í þroskaferli sínu og fylgst er með hvaða viðfangsefni það velur sér. Ef barn velur alltaf það sama þarf að fá það til að prófa nýja hluti án þess að því finnist valið vera tekið af því.

Við erum að vinna með börn á skynhreyfistigi og þróun starfið með tillit til þess. Val hjá yngstu börnum gengur t.d. út á að þau sýni meiri áhuga fyrir einu en öðru.

Umhverfið í leikskólanum á að vera öruggt og áhugavert fyrir barnahópin hverju sinni. Hinir fullorðnu þurfa að horfa á það hvað börnin geta gert en ekki hvað þau geta ekki gert.

Virkt nám uppgötvunarnám – hvernig læra ung börn. (nú mánaða til tveggja ára)

- Börnin læra með öllum líkamanum, nota skilningarvitin og eigin tilfinningu.
- Til að byggja upp reynslu snerta börnin, bragða á, skoða hluti, finna lykt o. fl.

- Endurtekning er mikilvæg á þessu þroskastigi þ.e.a.s. börnin geti endurtekið tilraunir sínar þar til þær heppnast og áfram á meðan þau hafa ánægju af. Einnig herma þau gjarnan eftir því sem þau sjá og heyra.
- Ung börn hafa ánægju af samskiptum jafnvel áður en þau byrja að tala, þess vegna er mikilvægt að bregðast við þeim leiðum sem barnið hefur til að tjá sig. Bros, grátur, hjal, bendingar o.fl.
- Litil börn þroskast og læra best í aðstæðum sem þau treysta.

Þegar nám barns er skipulagt þarf að hafa í huga að viðfangsefnin ýti undir almennan þroska barnsins, tilfinningalegan, félagslegan, líkamlegan og andlegan. Barnið þarf að upplifa nýja hluti og nýja reynslu, fá tækifæri til að æfa sig og læra af öðrum. Það þarf að ýta undir sjálfstæði barnsins og sköpun. Sjálfstæði, sköpun og samskipti eru lykilatriði í virku námi.

Ýtarlegri upplýsingar um Highscope er að finna á heimasíðunni <http://www.highscope.org>

3. Starfsmannamál

Á skólaárinu 2012 – 2013 starfa 20 starfsmenn í mismunandi stöðugildum. Leikskólafulltrúi hjá félagsstofnun stúdenta er Sigríður Stephensen sigridur@fs.is

Starfsheiti	Fjöldi	Starfshlutfall	Menntun
Leikskólastjóri	1	1 stöðugildi	Leik- og grunnskólakennari. Magister Educationis M.Ed meistaraþráða í stjórnun menntastofnana
Leikskólakennarar	5	5 stöðugildi	Fimm leikskólakennarar eru með B.Ed gráðu þar af hefur einn lokið 120 einingum í MPA námi
Aðrir uppeldismenntaðir starfsmenn	2	2 stöðugildi	Leikskólaliðar
Starfsmenn með háskólapróf án uppeldismenntunar	3	2.20 stöðugildi	Einn með BA í bókmenntafræði, einn með BA í félagsfræði og einn með Kennsluréttindi/tónlistarkennari
Starfsmenn með menntun á framhaldskólastigi (stúdentspróf og iðnmenntun)	4	4 stöðugildi	Þrír með stúdentspróf og einn með diplóma í kvikmyndagerð
Starfsmenn án framhaldsskólamenntunar	4	3,80 stöðugildi	Tveir starfsmenn hafa lokið 130 og 76 einingum til stúdentsprófs
Matráður	1	1 stöðugildi	Bakari

3.1 Starfsþróunarsamtöl

Á haustönn í nóvember 2012 eru árleg starfsþróunarsamtöl. Í þeim er farið í starfsþróun, hvað má gera til að bæta starfið og hvað þarf að leggja áherslu á. Leikskólastjóri tekur viðtölin. Í starfsmannaviðtali kemur m.a. fram

- Hvernig líður þér í vinnunni.
- Hvað ert þú ánægð(ur) óánægð(ur) með í starfinu? Hvað er hægt að gera betur?
- Hvernig er starfsandinn í vinnunni? ríkir starfsgleði, samvinna, tillitsemi og virðing? Hvernig er starfsandi meðal starfsmanna og stjórnenda? er hægt að bæta þarna um ?
- Ert þú ánægð(ur) með verkefnum sem þér eru falin?
- Eru einhver verkefni sem þú gjarnan vilt taka að þér?
- Hvernig er upplýsingaflæði innan deildar?
- Er þér ljóst hvaða væntingar og kröfur eru gerðar til þín í starfi?
- Eitthvað annað sem þú vilt koma á framfæri?

Starfsmannaviðtöl eru trúnaðarsamtal milli stjórnenda og starfsmanna. Markmiðið með starfsmannasamtölunum eru:

- Að starfsfólk fái tækifæri til að tala í trúnaði um vinnustaðinn og starfsumhverfið.
- Að greina áhugasvið viðkomandi, sterkar og veikar hliðar og reyna að bregðast við þeim.
- Að kanna hvert hugur starfsmannsins stefnir í starfi.
- Að afla upplýsingar vegna áætlana um símenntun

Ljóst er að þessum markmiðum verður ekki náð með einu samtali. Þess vegna er nauðsynlegt að ákvarðanir séu teknar, samkomulag gert og eftirfylgni tryggð til þess að raunverulegar breytingar eigi sér stað. Áætlað er að styttri samtöl verði í apríl 2013 við alla starfsmenn. Í þeim viðtölum verður farið yfir það sem brennur á t.d. líðan og markmiðum sé fylgt eftir.

3.2 Símenntunaráætlun

Í janúar, febrúar og mars 2013 er samkvæmt verkefnaáætlun leikskólans stefnt að hefja vinnslu við símenntunaráætlun. Við skipulagningu símenntunaráætlunar er að samræma þarfir leikskólans og óskir starfsmanna eins og kostur er til að fjölbreytt þekking sé til staðar í leikskólanum.

Skólinn hefur miklar væntingar til símenntunnar kennara og starfsfólks og hvetur alla til að nýta sér starfsmannasjóði sína eins og kostur er og sækja þau námskeið sem gagnast þeim í starfi. Öll símenntun er af hinu góða bæði fyrir þá sem sækja námskeið og einnig fyrir framþróun í skólastarfinu. Á sérstöku skráningarblaði er haldið utan um endurmenntun hvers starfsmanns.

Skipulagsdagar eru sex á skólaárinu. Þessi dagar verða m.a. nýttir í að skipuleggja skólastarfið, vinna að faglegri stefnu leikskólans, skyndihjálparnámskeið um slys og slysavarnir barna og ráðstefnu sjálfstætt starfandi skóla.

4. Foreldrasamvinna

Samkvæmt lögum er leikskólinn fyrsta skólastig barnsins. Foreldrar bera meginábyrgð á uppeldi barna sinna en leikskólanám er viðbót við það en á engan hátt ætlað að koma í stað þess. Dagleg samskipti og gott upplýsingastreymi eru mjög mikilvægir þættir til að stuðla að góðu samstarfi. Starfsfólk og foreldrar hafa sameiginleg markmið sem er vellíðan, þroski og nám barnsins. Heimasíða leikskólans er vel nýtt til að miðla upplýsingum og fréttum af starfinu, einnig eru tölvupósta sendir til að miðla upplýsingum.

4.1 Foreldraráð - Foreldrafélag

Foreldrafélagið og foreldraráð er sameiginlegt við leikskólann og er skipað átta foreldrum, tveir af hverri deild. Markmið þess er að tryggja hagsmuni og velferð barnanna í leikskólanum. Verkefni foreldraráðsins/foreldrafélagsins eru margvísleg. Tengiliður við foreldraráðsins/foreldrafélagsins er aðstoðarleikskólastjóri.

Kosið er í foreldraráð/foreldrafélag einu sinni á ári í september ár hvert. Áætlað er að foreldraráð/foreldrafélagið fundi annan hvern mánuð á skólaárinu. Félagar í foreldrafélaginu eru allir foreldrar og eða forráðamenn barna í leikskólanum.

Tilgangur foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefnda um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varðar starfsemi leikskólans sbr. 2.mgr. 4. gr. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrá og annara áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfi. Á vef mennta- og menningaráðuneyti má sjá lög um leikskóla nr. 90/2008 á <http://www.menntamalaraduneyti.is/menntamal/leikskolar/>

Kosið var í nýtt foreldraráð/foreldrafélag á foreldrafundi nú í byrjun október 2012.

4.2 Foreldraviðtöl og foreldrafundir


Skipulögð foreldraviðtöl eru haldin einu sinni á skólaárinu og þá í mars ár hvert. Markmið með foreldraviðtölum er að skoða hvernig barninu líður í leikskólanum. Foreldrafundir eru haldin einu sinni á skólaárinu og þá í september. Markmið með foreldrafundum er að miðla upplýsingum um uppeldisstarfið. Foreldrar geta óskað eftir aukaviðtölum er þurfa þykir.

5. Aðrar upplýsingar – Barnahópurinn

Að vanda erum við með glæsilegan barnahóp, fullan af orku og athafnagleði, sem taka öllu með opnum hug og forvitni. Hér að neðan má sjá fjölda barna við leikskólann, kynjahlutfall, dvalarstundir og fjölda barna af erlendum uppruna.

5.1 Fjöldi barna í skólanum

Vistunarpláss eru 63 á skólaárinu og fullvístað eru í öll pláss. Hér að neðan má sjá ýmsar lykiltölur úr skólaskýrslunni.



Stúlkur í námi:	35
Drengir í námi:	28
Árgangur	2012
Stúlkur í námi:	1
Samtals í árgangi	1
Árgangur	2011
Stúlkur í námi:	30
Drengir í námi:	27
Samtals í árgangi	57
Árgangur	2010
Stúlkur í námi:	4
Drengir í námi:	1
Samtals í árgangi	5

5.2 Kynjahlutfall og dvalarstundir

Fjöldi barna á skólaárinu eru 35 stúlkur og 28 drengir sem skiptast niður á 4 deildir. Dvalarstundir eru 987,50 (dvalargildi)

5.3 Fjöldi barna sem njóta sérkennslu

Eins og staðan er í dag er ekkert barn sem nýtur sérkennslu.

5.4 Fjöldi barna af erlendum uppruna

Fjöldi barna af erlendum uppruna eru þrjú. Eitt barn er með báða foreldra erlenda og tvo börn með annað foreldri erlend.

6. Almennar upplýsingar

Hérna má sjá skipulagsdaga, leikskóladagatal og stefnukort leikskólans Leikgarðs á skólaárinu 2012-2013.


6.1 Skipulagsdagar

Skipulagsdagar leikskólans Leikgarðs eru 6 á skólaárinu 2012 – 2013. Skipulagsdagar eru 1. ágúst 2012. 25. og 26. október 2012. 2. janúar 2013. 15. mars og 27. mars 2013.

6.2 Leikskóladagatal 2012 – 2013

Í leikskóladagatali 2012 – 2013 má sjá helstu skipulagsdaga, hvenær foreldraviðtöl eru og hefðbundna daga eins og dag Íslenskra Tungu, tannverndarviku, dag leikskólans og jóladagskrá.

6.3 Stefnukort leikskólans Leikgarðs



➤ **Þjónusta**

Hvernig veitum veitum við börnum og foreldrum sem bestu þjónustu í skólastarfinu? Það gerum við með því að foreldrar treysti því að barn þeirra sé í traustu og öruggu umhverfi þar sem sýnd er hlýja og virðing. Að velja efnivið sem er skapandi og nemendur fái viðfangsefni sem hæfir þroska þeirra og getu. Að börnunum líði vel, mæta glaðir og fari sáttir heim í lok dags.

➤ **Fjármál**

Hvernig tryggjum við ábyrga og gegnsæja nýtingu fjármagns? Það er skýr forgangsröðun. Með því að meta fjárförf einstakra liða í rekstri leikskólans út frá stefnu hans og forgangsraða þeim. Með góðri nýtingu fjármuna gerum við með því að skoða verð og kostnað hverju sinni og sýna hagkvæmni í innkaupum og fara vel með það sem til er.

➤ **Starfshættir**

Hvernig stuðlum við að metnaðarfullum og árangursríkum starfháttum leikskólastarfsins? Það getum við gert með því að sýnileg tengsl séu á milli skólanámskrá, skipulag og starfshátta. Endurskoða og þróa námskrá leikskólans með reglubundnum hætti. Einnig að tryggja að upplýsingar komist til þeirra er við á hverju sinni með því að nota fjölbreyttar aðferðir við upplýsingamiðlun. Starfshættir séu fjölbreyttir og taki mið af ólíkum þörfum nemenda.

➤ **Mannauður**

Hvernig stuðlum við að samstarfi, starfsþróun og að starfsmenn séu ánægðir í starfi og líði vel? Það getum við gert með því að starfshópurinn komi að umræðum um skipulag og mótun starfs og allir taki þátt og leggi sitt af mörkum. Að nýta mannauðinn þar sem hann er sterkastur og vinna að símenntunaráætlun út frá stefnu og mati á skólastarfi og hvetja starfsfólk til endurmenntunar.

Fylgirit

Umsögn foreldraráðs skólaárið 2011-2012

Leikskóladagatal skólaárið 2012-2013

Reykjavík, 10. október 2012

F. h. leikskólans Leikgarðs

María Petrína Berg
Leikskólastjóri